REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2004, frá 23. apríl 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2144/2003 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2004, frá 9. júlí 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2277/2003 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2004, frá 24. september 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 392/2004 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Reglugerðir Evrópusambandsins eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

2. gr.

Með innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins nr. 2144/2003, 2277/2003 og 392/2004, breytast ákvæði reglugerðar nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar þannig að:

1. Ákvæði 2., 8., 9. og 10. gr. breytast í samræmi við ákvæði 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 392/2004.
2. Undirliðir nr. 3.4, 3.5, 3.6, 3.10, 4.3, 4.8, 4.10 og 4.17 í B-hluta I. viðauka breytast í samræmi við 1. lið viðauka reglugerðar (EB) 2277/2003.
3. C-hluti II. viðauka breytist í samræmi við 2. lið viðauka reglugerðar (EB) nr. 2277/2003.
4. D-hluti II. viðauka breytist í samræmi við 3. lið viðauka reglugerðar (EB) nr. 2277/2003.
5. Ákvæði X. viðauka breytast í samræmi við viðauka reglugerðar (EB) nr. 2144/2003.

3. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 74/2002 bætast við eftirfarandi undirliðir:
- á íslensku: lífrænt;
- á norsku: økologisk.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og öðlast gildi við birtingu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2005.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Stefánsdóttir.

Fylgiskjöl.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2144/2003

frá 8. desember 2003

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 ([2]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skráin yfir þriðju lönd, sem tilteknar landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar í til að markaðssetja megi þær í Bandalaginu, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, er sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ([3]) eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 545/2003 ([4]). Sú skrá var samin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

2) Argentínsk yfirvöld hafa farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún skrái nýjan eftirlits- og vottunaraðila í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 94/92. Argentínsk yfirvöld hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina allar nauðsynlegar ábyrgðir og upplýsingar til að sýna fram á að nýi eftirlits- og vottunaraðilinn uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

3) Áströlsk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn eftirlitsaðili hafi endurskipulagt starfsemi sína og breytt heiti sínu.

4) Ungverjaland lagði fram beiðni um að afurðaflokkarnir í skránni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, yrðu rýmkaðir í því skyni að bæta þar við búfé og búfjárafurðum. Ungverjaland sendi þær upplýsingar sem krafist er skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92.

5) Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við ungverska yfirvöld, sem fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í þessum löndum væru reglur um framleiðslu og eftirlit með búfé og búfjárafurðum jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

6) Sviss hefur farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún breyti skilmálunum sem gilda um skráningu þess í samræmi við samkomulagið milli Evrópubandalagins og Ríkjasambandsins Sviss um viðskipti með landbúnaðarafurðir ([5]), einkum 9. viðauka samkomulagsins um lífrænt framleiddar landbúnaðarafurðir og matvæli.

7) Sviss hefur lagt fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92. Athugun á upplýsingunum, sem lagðar voru fram, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að kröfurnar jafngildi þeim kröfum sem gerðar eru í löggjöf Bandalagsins.

8) Yfirvöld á Nýja-Sjálandi hafa lagt fram nákvæmara heiti þess aðila sem gefur út vottorð.

9) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 94/92 í samræmi við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 17.
([3]) Stjtíð. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.
([4]) Stjtíð. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 10.
([5]) Stjtíð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er breytt sem hér segir:

1. Í 3. lið textans, þar sem fjallað er um Argentínu, bætist við undirliðurinn „— Food Safety SA".

2. Í 3. lið textans, þar sem fjallað er um Ástralíu, fellur þriðji undirliðurinn, „— Biological Farmers of Australia (BFA)" brott og við bætist undirliðurinn „— Australian Certified Organic Inc.".

3. Í textanum, þar sem fjallað er um Ungverjaland, komi eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1. Afurðaflokkar:

a) Óunnar afurðir frá akuryrkju, búfé og óunnar búfjárafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

b) Unnar landbúnaðarafurðir frá akuryrkju og búfjárafurðir til manneldis í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91."

4. Í 2. lið textans, þar sem fjallað er um Sviss, bætist eftirfarandi við á eftir þriðja undirlið:

„— eða frá þriðja landi, enda hafi Sviss viðurkennt að reglur þess um framleiðslu og eftirlitskerfi séu jafngildar þeim reglum og því kerfi sem kveðið er á um í svissneskri löggjöf."

5. Í textanum, þar sem fjallað er um Nýja-Sjáland, komi eftirfarandi í stað 4. liðar:

„Aðili sem gefur út vottorð: Ministry of Agriculture and Forestry (MAF) — New Zealand Food Safety Authority (NZFSA)."

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2277/2003

frá 22. desember 2003

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([1]), einkum annarri undirgrein 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skrárnar yfir fóðurefni, aukefni í fóðri, tiltekin efni og tæknileg hjálparefni, sem eru notuð í fóður, sem mælt er fyrir um í C- og D-hluta II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, hafa verið endurskoðaðar í samræmi við lið 4.15 í B-hluta I. viðauka við þá reglugerð.

2) Ekki er lengur þörf á tilteknum, hefðbundnum fóðurefnum úr plönturíkinu í lífrænum búskap á vettvangi Bandalagsins. Hins vegar eru flest hefðbundin fóðurefni, einkum tilteknar prótínafurðir, enn ómissandi, a.m.k. í sumum aðildarríkjum. Hefðbundnar aukaafurðir mjólkur eru auk þess enn nauðsynlegar í lífrænum búskap og nauðsynlegt er að nota fleiri steinefni til að tryggja velferð búpenings sem er lífrænt alinn.

3) Í lífrænum búskap er eingöngu leyft að nota tiltekin rotvarnarefni sem aukefni í votheyi. Notkun þessara efna er á hinn bóginn einnig nauðsynleg í sumum aðildarríkjum til að rotverja plöntuafurðir. Af tæknilegum ástæðum er auk þess nauðsynlegt að nota önnur aukefni í fóður úr flokki bindiefna, kekkjavarnarefna og storkuefna.

4) Breyta ber skránum yfir fóðurefni og aukefni í fóðri til samræmis við þetta.

5) Samræmdar reglur um lífræna búfjárframleiðslu hafa verið settar tiltölulega nýlega. Genasafn hinna ýmsu tegunda búfjár, sem er lífrænt alið, er enn lítið að vöxtum. Þegar um er að ræða alifugla skiptist framleiðslukerfið auk þess í mismunandi stig sem eru venjulega undir stjórn mismunandi, sérhæfðra sviða. Vegna þess hve flókin þessi kerfi eru hefur ekkert aðildarríki náð að ljúka lífrænu framleiðsluferli alifugla til fulls. Til að tryggja nægilega, líffræðilega fjölbreytni hjá lífrænt öldu búfé og til að efla þróun lífrænnar búfjárframleiðslu er nauðsynlegt að lengja aðlögunartímabilið þar sem færa má dýr, sem alin eru á hefðbundinn hátt, inn í kerfi lífræns búskapar.

6) Til að ýta undir eðlilegan vöxt og til að endurnýja hjörð eða hóp skal gefa hefðbundnum kynjum, sem hætta er á að hverfi úr landbúnaði, sérstakan gaum.

7) Ein af meginreglunum í lífrænum búskap er að tryggja tengsl milli búfjár og ræktaðs lands. Fóður fyrir allar tegundir lífrænt alinna dýra skal fyrst og fremst vera upprunnið á búinu sjálfu eða, ef því verður ekki við komið, framleitt í samvinnu við önnur lífræn bú.

8) Því ber að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við þetta.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1; Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) No 806/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

a) eftirfarandi komi í stað liðar 3.4:

„Önnur heimilaða undanþága er að leyfilegt er, þegar hjörð eða bústofni er komið upp í fyrsta sinn og ekki eru fáanleg nógu mörg lífrænt alin dýr, að taka búfé, sem hefur ekki verið lífrænt alið, til eldis í lífrænni framleiðslueiningu, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

— varphænur mega ekki vera eldri en 18 vikna,

— alifuglar til kjötframleiðslu verða að vera yngri en þriggja daga,

— bufflakálfar til undaneldis skulu vera yngri en sex mánaða,

— kálfar og folöld til undaneldis skulu alin samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þau eru vanin undan og í öllum tilvikum skulu þau vera yngri en sex mánaða,

— lömb og kiðlingar til undaneldis skulu alin samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þau eru vanin undan og í öllum tilvikum skulu þau vera yngri en sextíu daga,

— grísir til undaneldis skulu aldir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þeir eru vandir undan og í öllum tilvikum skulu þeir vega minna en 35 kg.“,

b) eftirfarandi komi í stað liðar 3.5:

„Afla ber heimildar fyrir fram frá eftirlitsyfirvaldi eða -aðila fyrir þessari undanþágu sem gildir fyrir aðlögunartímann sem lýkur 31. desember 2004.“,

c) eftirfarandi komi í stað liðar 3.6:

„Þriðja heimilaða undanþága er að eftirlitsyfirvald eða -aðili skal veita leyfi til að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða bústofn þegar lífrænt alin dýr eru ekki á boðstólum og í eftirfarandi tilvikum:

a) hlutfallslega mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða stórafalla,

b) varphænur eru ekki eldri en 18 vikna,

c) alifuglar til kjötframleiðslu eru yngri en þriggja daga,

d) grísir til undaneldis, þegar er þeir hafa verið vandir undan, vega minna en 35 kg.

Tilvik í b-, c- og d-lið eru leyfð á aðlögunartímabilinu sem lýkur 31. desember 2004.“,

d) eftirfarandi komi í stað liðar 3.10:

„Hækka má þessar tölur í allt að 40% að fengnu áliti og samþykki eftirlitsyfirvalds eða -aðila í eftirfarandi sértilvikum:

— þegar ráðist er í meiri háttar stækkun á búi,

— þegar skipt er um dýrakyn,

— þegar unnið er að þróun nýrra búfjárgreina,

— þegar hætta er á að kyn hverfi úr landbúnaði. Dýr af þessum kynjum þurfa ekki endilega að vera dýr sem hafa ekki átt afkvæmi.“,

e) eftirfarandi komi í stað liðar 4.3:

„Búféð skal enn fremur alið í samræmi við þær reglur sem eru settar fram í þessum viðauka og nota skal fóður frá einingunni eða, ef því verður ekki við komið, fóður frá öðrum einingum eða fyrirtækjum sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar. Enn fremur skulu, þegar um er að ræða grasbíta, a.m.k. 50% fóðursins upprunnin á búinu sjálfu eða, ef því verður ekki komið við, framleitt í samvinnu við önnur lífræn bú, nema á þeim tíma hvers árs þegar dýr fara milli bithaga.“,

f) eftirfarandi komi í stað liðar 4.8:

„Á aðlögunartímanum, sem rennur út 24. ágúst 2005, er heimiluð sú undanþága frá ákvæðum í lið 4.2 að leyfa notkun takmarkaðs hlutfalls hefðbundins fóðurs ef bændur geta sýnt eftirlitsaðila eða -yfirvaldi aðildarríkisins fram á að þeir hafi ekki tök á að afla fóðurs eingöngu frá lífrænni framleiðslu. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fóðurs á hverju ári er 10%, þegar um grasbíta er að ræða, og 20% fyrir aðrar tegundir. Þessar tölur skal reikna árlega sem hundraðshluta af þurrefni fóðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fóðurs í daglegum skammti, utan þess tíma sem dýr fara árlega milli bithaga, skal vera 25%, reiknað sem hundraðshluti þurrefnis.“,

g) liður 4.10 falli niður,

h) eftirfarandi komi í stað liðar 4.17:

„Eingöngu er heimilt að nota í fóður afurðir, sem eru tilgreindar í lið 1.3 (ensím), 1.4 (örverur), 1.5 (rotvarnarefni), 1.6 (bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni), 1.7 (andoxunarefni), 1.8 (aukefni til votheysverkunar), í 2. lið (tilteknar afurðir notaðar í fóður) og 3. lið (tæknileg hjálparefni notuð í fóður) D-hluta II. viðauka, í þeim tilgangi sem er tilgreindur að því er varðar framangreinda flokka. Hvorki má nota sýklalyf, hnislalyf, önnur lyf, vaxtarhvata né nokkurt annað efni, sem er ætlað að örva vöxt eða framleiðslu, í fóður."

2. Eftirfarandi komi í stað C-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„1. **Fóðurefni úr jurtaríkinu**

1.1. Korn ásamt afurðum og aukaafurðum þess. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Hafragrjón, -flögur, -fóðurmjöl, -hýði og -klíð; byggkorn, -prótín og -fóðurmjöl; rískímkaka; hirsikorn; rúgkorn og rúgfóðurmjöl; dúrrukorn; hveitikorn, -fóðurmjöl, -hýði, -glútenfóður, -glúten og -kím; speltkorn; rúghveitikorn, maískorn, -klíð, -fóðurmjöl, -kímkaka og -glúten; maltspírur; hrat frá bruggun.

1.2. Olíufræ og olíurík aldin ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Repjufræ, -kaka og -hýði; sojabaunir, einnig ristaðar, sojakaka og -hýði; sólblómafræ og -kaka; baðmullarfræ og -kaka; hörfræ og -kaka; sesamfræ og -kaka; pálmakjarnakaka; graskersfrækaka; ólífur, ólífumauk; jurtaolíur (sem falla til við pressun eða ámóta vinnslu).

1.3. Belgjurtafræ ásamt afurðum og aukaafurðum þess. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Kjúklingabaunir sem fræ, fóðurmjöl og klíð; linsuflækjufræ, -fóðurmjöl og -klíð; varpabaunir (fræ) sem hafa fengið viðeigandi hitameðferð, varpabaunafóðurmjöl og -klíð; ertur (fræ), ertufóðurmjöl og -klíð; bóndabaunir sem fræ, bóndabaunafóðurmjöl og -klíð; hestabaunir sem fræ, hestabaunafóðurmjöl og -klíð; flækjufræ, flækjufóðurmjöl og -klíð og lúpínufræ, lúpínufóðurmjöl og -klíð.

1.4. Hnýði og rótarávextir ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Sykurrófnamauk, kartöflur, sætuhnúðar (hnýði), kartöflumauk (aukaafurð sem fellur til við útdrátt kartöflusterkju), kartöflumauk (aukaafurð sem fellur til við útdrátt kartöflusterkju), kartöflusterkja og kartöfluprótín og kassava.

1.5. Önnur fræ og aldin ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Jóhannesarbrauð, jóhannesarbrauðskálpar og -mjöl, risagrasker, sítrusmauk; epli, kveði, perur, ferskjur, fíkjur, vínber og mauk úr þeim; kastaníuhnetur, valhnetukaka, heslihnetukaka; kakóhýði og -kaka; akörn.

1.6. Fóðurjurtir og gróffóður. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Refasmári, refasmáramjöl, smári, smáramjöl, gras og grænfóður (úr fóðurjurtum), grasmjöl, hey, vothey, kornhálmur og rótarávextir til fóðurs.

1.7. Aðrar plöntur ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Melassi, þörungamjöl (unnið með þurrkun og mölun og skolað til að minnka innihald joðs), duft og kjarni (extracts) úr plöntum, plöntuprótínkjarni (eingöngu fyrir ung dýr), krydd og kryddjurtir.

1.8. Heimilt er að nota eftirfarandi fóðurefni til 30. júní 2004: hrísgrjón, brotinn ris, rísklíð, rúgfóður, rúgklíð, fræhýði af akurfrækáli og tapíóka.

2. **Fóðurefni úr dýraríkinu**

2.1. Mjólk og mjólkurafurðir. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Hrámjólk, eins og hún er skilgreind í 2. gr. tilskipunar 92/46/EBE (*), mjólkurduft, undanrenna, undanrennuduft, áfir, áfaduft, mysa, mysuduft, sykurskert mysuduft, mysuprótínduft (dregið út með eðlisfræðilegum aðferðum), kasínduft, laktósaduft, ystingur og súrmjólk.

2.2. Fiskur og önnur sjávardýr ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Fiskur, fisklýsi og þorskalýsi, óhreinsað; efni sem myndast við sjálfsrof, vatnsrof og prótínrof, fengin með ensímverkun, úr fiski, lindýrum eða krabbadýrum og hvort sem þau eru í leysanlegu formi eða ekki, eingöngu ætluð ungum dýrum; fiskimjöl.

2.3. Egg og eggjaafurðir til fóðrunar alifugla, helst frá eigin bújörð.

3. **Fóðurefni úr steinaríkinu**

Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Natríum:
óhreinsað sjávarsalt
ounnið steinsalt
natríumsúlfat
natríumkarbónat
natríumbíkarbónat
natríumklóríð

Kalíum:
kalíumklóríð

Kalsíum:
þörungakalk og mergill
skeljar sjávardýra (þar á meðal blekfiskaskeljar)
kalsíumkarbónat
kalsíumlaktat
kalsíumglúkonat

Fosfór:
afflúrað tvíkalsíumfosfat
afflúrað einkalsíumfosfat
einnatríumfosfat
kalsíummagnesíumfosfat
kalsíumnatríumfosfat

Magnesíum:
magnesíumoxíð (vatnsfrítt magnesíumoxíð)
magnesíumsúlfat
magnesíumklóríð
magnesíumkarbónat
magnesíumfosfat

Brennisteinn:
natríumsúlfat.

Heimilt er að nota tvíkalsíumfosfat (útfellt úr beinum) til 30. júní 2004.

_____
(*) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 1.“

3. Eftirfarandi komi í stað D-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„1. **Aukefni í fóðri**

1.1. Snefilefni. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E1 Járn:
járn-(II)-karbónat
járn-(II)-súlfat, einvatnað og/eða sjövatnað
járn-(III)-oxíð,

E2 Joð:
kalsíumjoðat, vatnsfrítt
kalsíumjoðat, sexvatnað
natríumjoðíð,

E3 Kóbalt:

kóbalt-(II)-súlfat, einvatnað og/eða sjövatnað

basískt kóbalt-(II)-karbónat, einvatnað,

E4 Kopar:

kopar-(II)-oxíð

basískt kopar-(II)-karbónat, einvatnað

kopar-(II)-súlfat, fimmvatnað,

E5 Mangan:

mangan-(II)-karbónat

mangan-(II og III)-oxíð

mangan-(II)-súlfat, ein- og/eða fjórvatnað,

E6 Sink:

sinkkarbónat

sinkoxíð

sinksúlfat, ein- og/eða sjövatnað,

E7 Mólýbden:

ammoníummólýbdat, natríummólýbdat,

E8 Selen:

natríumselenat

natríumselenít.

1.2. Vítamín og forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með svipaðri verkun. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Vítamín sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE(*):

— einkum þau sem eru unnin úr náttúrlegum hráefnum í fóðurefnum eða

— tilbúin vítamín sem eru eins og náttúrleg vítamín, eingöngu fyrir einmaga dýr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein, er lögbærum yfirvöldum hvers aðildarríkis heimilt að leyfa, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2005, notkun tilbúinna A-, D- og E-vítamína fyrir jórturdýr að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

— tilbúnu vítamínin eru eins og náttúrleg vítamín og

— leyfið, sem aðildarríkin gefa út, byggist á nákvæmum viðmiðunum og er tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.

Framleiðendur geta því aðeins nýtt sér þetta leyfi að þeir hafi sýnt skoðunaraðila eða -yfirvaldi aðildarríkis fram á það með óyggjandi hætti að ekki sé unnt að tryggja heilbrigði og velferð dýra í landi þeirra án þessara tilbúnu vítamína.

1.3. Ensím. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Ensím sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE.

1.4. Örverur. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Örverur sem eru leyfðar samkvæmt tilskipun 70/524/EBE.

1.5. Rotvarnarefni. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E 200 Sorbínsýra

E 236 Maurasýra

E 260 Ediksýra

E 270 Mjólkursýra

E 280 Própíónsýra

E 330 Sítrónusýra

Því aðeins er heimilt að nota mjólkur-, maura-, própíón- og ediksýru við votheysverkun að veðurskilyrði séu þannig að gerjun verði annars ófullnægjandi.

1.6. Bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E 470 Kalsíumsterat af lífrænum uppruna

E 551b Silíkat í sviflausn

E 551c Kísilgúr

E 558 Bentónít

E 559 Kaólínítleir

E 560 Náttúrlegar blöndur steríts og klóríts

E 561 Vermikúlít

E 562 Sepíólít

E 599 Perlít.

1.7. Þráavarnarefni. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E 306 Tókóferólauðugur kjarni af lífrænum uppruna.

1.8. Aukefni til votheysverkunar. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Ensím, gersveppir og bakteríur, sem eru leyfð frá og með 19. október 2004, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 um aukefni í fóðri.

2. **Tilteknar afurðir notaðar í fóður**

Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Ölger.

3. **Tæknileg hjálparefni notuð í fóður**

3.1. Tæknileg hjálparefni til votheysverkunar. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

— sjávarsalt, óunnið steinsalt, mysa, sykur, sykurrófnamauk, kornmjöl og melassi,

— ensím, gersveppir og mjólkur-, edik-, maura- og própíónsýra, til og með 18. október 2004.

(*) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipun 70/524/EBE fellur úr gildi frá og með 19. 10. 2004. Frá og með þeim degi gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).“

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 392/2004

frá 24. febrúar 2004

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([2]) er kveðið á um samræmd rammaákvæði um merkingu, framleiðslu og skoðun landbúnaðarafurða sem eru merktar eða er ætlað að vera merktar lífrænu framleiðsluaðferðinni.

2) Í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er einnig kveðið á um vernd tiltekinna hugtaka í gjörvöllu Bandalaginu sem eru notuð til að upplýsa neytendur um að matvæli eða fóður eða innihaldsefni þeirra hafi verið framleidd með lífrænu framleiðsluaðferðinni sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Sú vernd gildir einnig um afleidd orð eða stytt, hvort sem þau eru notuð ein sér eða í samsetningum og án tillits til þess á hvaða tungumáli þau eru. Rétt er að breyta fyrrgreindri reglugerð til samræmis við þetta til að koma í veg fyrir mistúlkun að því er varðar umfang téðrar verndar.

3) Í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er einnig kveðið á um að rekstraraðilar, sem framleiða, tilreiða eða flytja inn vörur frá þriðju löndum sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar, skuli sæta eftirliti. Á síðustu árum hafa verið settar á markað nokkrar vörur með ábendingum sem vísa til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar þó að þær samræmist ekki ákvæðunum í reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Enn fremur gerðist það nýlega að vörur úr lífrænum búskap urðu fyrir mengun af völdum illgresiseyða er þær voru í geymslu. Því er nauðsynlegt að efla eftirlitskerfið þannig að það nái til allra rekstraraðila í framleiðslu- og vinnsluferlinu.

4) Í samræmi við meginregluna um aðferð sem tekur mið af áhættu getur í sumum tilvikum talist óeðlilegt að láta kröfur um tilkynningarskyldu og eftirlit ná til tiltekinna aðila í smásölu. Því er rétt að kveða á um að aðildarríkin geti veitt þeim aðilum undanþágu frá þessum kröfum.

5) Í samræmi við þagnarskylduna mega eftirlitsyfirvöld og -aðilar ekki veita öðrum aðgang að upplýsingum og gögnum sem þeir komast yfir við eftirlitið. Miðlun upplýsinga skal þó vera möguleg milli eftirlitsyfirvalda og -aðila til að bæta rekjanleika og tryggja samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 í framleiðslu- og vinnsluferlinu.

6) Vegna þess að nota má kennimerki Bandalagsins, sem gefur til kynna að vörurnar sæti sérstöku eftirliti, fyrir vörur sem eru fluttar inn frá þriðju löndum þykir, til glöggvunar, rétt að kveða á um að gerðar séu sambærilegar kröfur um eftirlit með þessum vörum.

7) Rétt er að kveða á um að fresta gildistöku nýrra krafna um tilkynningar- og eftirlitsskyldu í því skyni að veita svigrúm til nauðsynlegrar aðlögunar, einkum í þeim aðildarríkjum þar sem engar kröfur af þessu tagi eru nú gerðar. Þetta hefur þó ekki áhrif á kröfur um eftirlit sem þegar eru gerðar á landsvísu.

8) Breyta ber reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við þetta.

([1]) Álit var skilað 4. desember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([2]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2277/2003 (Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 68).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„*2. gr.*

Í þessari reglugerð telst afurð, sem fylgja ábendingar sem vísa til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar, vera slík afurð ef afurðinni, innihaldsefnum hennar eða fóðurefnum er lýst á umbúðum, í auglýsingum eða viðskiptaskjölum með orðum sem gefa kaupanda til kynna að afurðin, innihaldsefni hennar eða fóðurefni hafi verið framleidd í samræmi við reglur um framleiðslu sem mælt er fyrir um í 6. gr. Einkum skal líta á eftirfarandi orð eða orð sem eru venjulega leidd af þeim (s.s. „lífrænn") eða styttingar, ein sér eða í samsetningum, sem ábendingar sem vísa til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar í gjörvöllu Bandalaginu og á hvaða tungumáli Bandalagsins sem vera skal svo fremi þau eigi ekki við um annað en landbúnaðarafurðir í matvælum eða fóðri eða þau séu bersýnilega ekki í neinum tengslum við framleiðsluaðferðina:

— á spænsku: ecológico,

— á dönsku: økologisk,

— á þýsku: ökologisch, biologisch,

— á grísku: βιολογικό,

— á ensku: organic,

— á frönsku: biologique,

— á ítölsku: biologico,

— á hollensku: biologisch,

— á portúgölsku: biológico,

— á finnsku: luonnonmukainen,

— á sænsku: ekologisk."

2. Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Allir rekstraraðilar, sem framleiða, tilreiða, geyma eða flytja inn frá þriðja landi vörur, sem eru tilgreindar í 1. gr., í þeim tilgangi að markaðssetja þær síðar, eða gera það nú þegar, skulu:

a) tilkynna þessa starfsemi til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Í tilkynningunni skulu koma fram þær upplýsingar sem um getur í IV. viðauka,

b) nota eftirlitskerfið, sem um getur í 9. gr., í fyrirtæki sínu.

Aðildarríkin geta veitt rekstraraðilum, sem selja slíkar afurðir beint til neytenda eða notenda, undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar svo fremi þeir framleiði ekki, tilreiði eða geymi þær öðruvísi en í tengslum við sölustað, eða flytji inn slíkar vörur frá þriðja landi.

Ef rekstraraðili felur þriðja aðila einhverja starfsemi, sem um getur í fyrstu undirgrein, í undirverktöku skal sá rekstraraðili engu að síður uppfylla kröfurnar sem um getur í a- og b-lið og starfsemin, sem undirverktakinn annast, skal falla undir eftirlitskerfið sem um getur í 9. gr."

3. Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu koma á fót eftirlitskerfi sem rekstraraðilar, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., falla undir og er rekið á vegum eftirlitsyfirvalda og/eða á vegum viðurkenndra aðila."

b) Eftirfarandi málsliður bætist við í b-lið 7. mgr.:

„Sé þess óskað, og sú beiðni helgast af nauðsyn þess að tryggja að afurðirnar hafi verið framleiddar í samræmi við þessa reglugerð, skulu þau skiptast á upplýsingum, sem skipta máli, við önnur eftirlitsyfirvöld eða viðurkennda eftirlitsaðila um niðurstöður eftirlitsins. Þau geta enn fremur haft frumkvæði að því að skiptast á framangreindum upplýsingum."

c) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 9. mgr.:

„a) tryggja, ef frávik eru í framkvæmd ákvæða 5. og 6. gr. eða þeirra ákvæða, sem um getur í 3. og 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003 um lífræna framleiðsluaðferð fóðurs, fóðurblandna og fóðurefna(*), eða þeirra ráðstafana, sem um getur í III. viðauka, að þær merkingar, sem kveðið er á um í 2. gr. um lífrænu framleiðsluaðferðina, séu fjarlægðar af allri framleiðslueiningunni eða framleiðslulotunni sem viðkomandi brot nær til,".

(*) Stjtíð. ESB L 31, 6.2.2003, bls. 3.

4. Í stað b-liðar 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„b) hafa fallið undir eftirlitskerfið, sem um getur í 9. gr., á öllum stigum framleiðslu og tilreiðslu eða, ef um er að ræða innfluttar afurðir, falla undir sambærilegar ráðstafanir, en ef um er að ræða afurðir, sem eru fluttar inn í samræmi við 6. mgr. 11. gr., skal framkvæmd eftirlitsins vera í samræmi við kröfur sem eru jafngildar þeim sem kveðið er á um í 9. gr., einkum 4. mgr."

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. gilda frá 1. júlí 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

J. WALSH

forseti.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005